

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2014/EES/60/01		Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)) – GBER 7/2014/R&D . . . .	1
2014/EES/60/02		Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu)) – GBER 8/2014/R&D . . . .	3
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/60/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7186 – APG Strategic Real Estate Pool/Hammerson/SDMG/MBG/Via) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	5
2014/EES/60/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7319 – KKR/Allianz/Selecta) . . . . .	6
2014/EES/60/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7326 – Medtronic/Covidien) . . . . .	7
2014/EES/60/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7398 – MIRAEL/Ferrovial/NDH1) . . . . .	8
2014/EES/60/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7411 – TDR Capital/Lakeside 1 Limited) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	9

<b>2014/EES/60/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7416 – RREEF/ECE/PalaisQuartier) . . . . .	10
<b>2014/EES/60/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7421 – Orange/Jazztel) . . . . .	11
<b>2014/EES/60/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7372 – AXA/Hammerson/The Real Estate Portfolio) . . . . .	12
<b>2014/EES/60/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7390 – OFI Infravia/GDF SUEZ/PensionDanmark/NGT) . . . . .	12
<b>2014/EES/60/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7392 – Advent International/Corialis) . . . . .	13
<b>2014/EES/60/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7402 – Klesch Refining/Milford Haven Refinery Assets) . . . . .	13
<b>2014/EES/60/14</b>	Ríkisaðstoð – Írland – Málsnúmer SA.38373 (2014/C) (áður 2014/NN) – Meint aðstoð við Apple – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins . . . . .	14
<b>2014/EES/60/15</b>	Ríkisaðstoð – Lúxemborg – Málsnúmer SA.38375 (2014/C) (áður 2014/NN) – Meint aðstoð við FFT – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins . . . . .	14
<b>2014/EES/60/16</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. nóvember 2010 um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um stjórnunarhætti Evrópusambandsins, 53. gr. EES-samningsins og 8. gr. samnings milli Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um flutninga í lofti (mál C.39258 – Flugfarmur) . . . . .	15
<b>2014/EES/60/17</b>	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir . . . . .	15
<b>2014/EES/60/18</b>	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir . . . . .	16
<b>2014/EES/60/19</b>	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ( <i>Tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að fljóttandi og loftkenndu kolvetni, sem kennd eru við „Permis d'Europa Maritime“ „Permis d'Europa Maritime Profond“</i> ) . . . . .	17
<b>2014/EES/60/20</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar er varðar 3. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda sem kerfisbindur tilskipun 98/27/EB, að því er varðar stofnanir sem hafa heimild til að sækja mál samkvæmt 2. gr. tilskipunar þessarar . . . . .	18

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Upplýsingar frá EFTA-rikinum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beiðingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))

2014/EES/60/01

### I. HLUTI

Tilvísunarnúmer aðstoðar	GBER 7/2014/R&D	
EFTA-riki	Noregur	
Stofnun sem veitir aðstoð	Heiti Póstfang Vefsetur	Utenriksdepartementet Postboks 8114 Dep N-0032 Oslo Norge <a href="http://www.regjeringen.no/ud">www.regjeringen.no/ud</a>
Fyrirsögn aðstoðarráðstöfunar	Frumkvæði í viðskipalífínu samkvæmt „Barents 2020“ styrkjakerfinu	
Innlend lagaákvæði (tilvísun til opinberrar útgáfu lagaákvæðanna)	<a href="http://www.regjeringen.no/nb/dep/ud/dok/regpubl/prop/2013-2014/prop-1-s-20132014-9/2/4.html?id=741644">http://www.regjeringen.no/nb/dep/ud/dok/regpubl/prop/2013-2014/prop-1-s-20132014-9/2/4.html?id=741644</a>	
Vefslóð að heildartexta aðstoðarákvæðanna	<a href="http://www.innovasjon Norge.no/barentsrussland">www.innovasjon Norge.no/barentsrussland</a>	
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi	Já
Gildistími	Aðstoðarkerfi	04/04/2014 til 31/12/2019
Hlutgengar atvinnugreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á aðstoð	Allar atvinnugreinar
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	Já
	Stórfyrirtæki	Já
Fjárveiting	Fyrirhuguð árleg heildarfjárveiting til kerfisins	Heildarfjárhæð: 62 800 000 NOK 2014–2019 Greiðsluáætlun til bráðabirgða 2014: 6 040 000 NOK 2015: 12 415 000 NOK 2016: 12 750 000 NOK 2017: 12 750 000 NOK 2018: 12 610 000 NOK 2019: 6 235 000 NOK
Aðstoðarform (5. gr.)	Styrkur	Já

### II. HLUTI

Almenn markmið (upptalning)	Markmið (upptalning)	Hámarksaðstoðarlutfall í % eða hámarksaðstoðarfjárhæð í NOK	Lítill og meðalstór fyrirtæki –viðbótaraðstoð í %
Aðstoð vegna kaupa á ráðgjöf fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki og þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í kaupstefnum (26.–27. gr.)	Aðstoð vegna kaupa á ráðgjöf fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki (26. gr.)	50%	á ekki við
	Aðstoð vegna þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í kaupstefnum (27. gr.)	50%	á ekki við

Aðstoð vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar (30.–37. gr.)	Aðstoð vegna rannsókna- og þróunarverkefna (31. gr.)	Iðnrannsóknir (stafl. b) í 2. mgr. 31. gr.)	50%/65% (stafl. b) í 4. mgr. 31. gr.)	Þegar aðstoðin rennur til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja má hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða og bæta má við 15 prósentustigum, þó þannig að aðstoðarhlutfallið verði ekki hærra en 80% af styrkhæfum kostnaði.
		Þróunarstarf (stafl. c) í 2. mgr. 31. gr.)	25%	
	Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana (32. gr.)		40% þegar um ræðir athuganir til undirbúnings þróunarstarfi og 65% þegar um ræðir athuganir til undirbúnings iðnrannsóknum.	10%
	Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki vegna kostnaðar sem tengist hugverkarétti á sviði iðnaðar (33. gr.)		45% til þróunarstarfs/65% til iðnrannsókna 2. mgr. 33. gr. og 3. og 4. mgr. 31. gr.	á ekki við
	Aðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu og stoðþjónustu á sviði nýsköpunar (36. gr.)		1 600 000 NOK á hvern aðstoðarþega á þriggja ára tímabili	
	Aðstoð til að gera kleift að fá sérfræðimenntað starfsfólk að láni (37. gr.)		50%	á ekki við
Fræðslustarf (38.–39. gr.)	Sértæk fræðsla (1. mgr. 38. gr.)	25%	10% til lítilla og 20% til meðalstórra fyrirtækja	
	Almennt fræðslustarf: (2. mgr. 38. gr.)	60%	10% til lítilla og 20% til meðalstórra fyrirtækja	

**Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við gerðina sem um getur í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beiðingar 87. og 88. gr. sáttmálans (reglugerð um almenna hópundanþágu))**

2014/EES/60/02

## I. HLUTI

Tilvísunarnúmer aðstoðar	GBER 8/2014/R&D	
EFTA-ríki	Norge	
Stofnun sem veitir aðstoð	Heiti Póstfang Vefsetur	Útenriksdepartementet Postboks 8114 Dep N-0032 Oslo Norge <a href="http://www.regjeringen.no/ud">www.regjeringen.no/ud</a>
Fyrirsögn aðstoðarráðstöfunar	Frumkvæði í viðskiptum samkvæmt „Projektsamarbeidet med Russland” (samvinnuverkefni við Rússland)	
Innlend lagaákvæði (tilvísun til opinberrar útgáfu lagaákvæðanna)	<a href="http://www.regjeringen.no/nb/dep/ud/dok/regpubl/prop/2013-2014/prop-1-s-20132014-/9/2/4.html?id=741644">http://www.regjeringen.no/nb/dep/ud/dok/regpubl/prop/2013-2014/prop-1-s-20132014-/9/2/4.html?id=741644</a>	
Vefslóð að heildartexta aðstoðarákvæðanna	<a href="http://www.innovasjon Norge.no/barentsrussland">www.innovasjon Norge.no/barentsrussland</a>	
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi	Já
Gildistími	Aðstoðarkerfi	04/04/2014 til 31/12/2019
Hlutgengar atvinnugreinar	Allar atvinnugreinar sem eiga rétt á aðstoð	Allar atvinnugreinar
Tegund viðtakanda	Lítill og meðalstór fyrirtæki	Já
	Stórfyrirtæki	Já
Fjárveiting	Fyrirhuguð árleg heildarfjárveiting til kerfisins	Heildarfjárhæð: 62 800 000 NOK 2014–2019 Greiðsluáætlun til bráðabirgða 2014: 6 040 000 NOK 2015: 12 415 000 NOK 2016: 12 750 000 NOK 2017: 12 750 000 NOK 2018: 12 610 000 NOK 2019: 6 235 000 NOK
Aðstoðarform (5. gr.)	Styrkur	Já

## II. HLUTI

Almenn markmið (upptalning)	Markmið (upptalning)	Hámarksaðstoðarhlutfall í % eða hámarksaðstoðarfjárhæð í NOK	Lítill og meðalstór fyrirtæki –viðbótaraðstoð í %
Aðstoð vegna kaupa á ráðgjöf fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki og þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í kaupstefnum (26.–27. gr.)	Aðstoð vegna kaupa á ráðgjöf fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki (26. gr.)	50%	á ekki við
	Aðstoð vegna þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í kaupstefnum (27. gr.)	50%	á ekki við

Aðstoð vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar (30.–37. gr.)	Aðstoð vegna rannsókna- og þróunarverkefna (31. gr.)	Iðnrannsóknir (stafl. b) í 2. mgr. 31. gr.)	50%/65% (stafl. b) í 4. mgr. 31. gr.)	Þegar aðstoðin rennur til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja má hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða og bæta má við 15 prósentustigum, þó þannig að aðstoðarhlutfallið verði ekki hærra en 80% af styrkhæfum kostnaði.
		Þróunarstarf (stafl. c) í 2. mgr. 31. gr.)	25%	
	Aðstoð vegna tæknilegra hagkvæmniathugana (32. gr.)		40% þegar um ræðir athuganir til undirbúnings þróunarstarfi og 65% þegar um ræðir athuganir til undirbúnings iðnrannsóknum.	10%
	Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki vegna kostnaðar sem tengist hugverkarétti á sviði iðnaðar (33. gr.)		45% til þróunarstarfs/ 65% til iðnrannsókna 2. mgr. 33. gr. og 3. og 4. mgr. 31. gr.	á ekki við
	Aðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu og stoðþjónustu á sviði nýsköpunar (36. gr.)		1 600 000 NOK á hvern aðstoðarþega á þriggja ára tímabili	
	Aðstoð til að gera kleift að fá sérfræðimenntað starfsfólk að láni (37. gr.)		50%	á ekki við
Fræðslustarf (38.–39. gr.)	Sértæk fræðsla (1. mgr. 38. gr.)		25%	10% til lítilla og 20% til meðalstórra fyrirtækja
	Almennt fræðslustarf: (2. mgr. 38. gr.)		60%	10% til lítilla og 20% til meðalstórra fyrirtækja

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2014/EES/60/03

(mál M.7186 – APG Strategic Real Estate Pool/Hammerson/SDMG/MBG/Via)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið APG Strategic Real Estate Pool („APG“), sem lýtur yfirráðum hollenska fyrirtækisins Stichting Pensioenfonds ABP („ABP“), og breska fyrirtækið Hammerson („Hammerson“) öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækinu Via, sameiginlegu fyrirtæki sem samanstendur af Via LP („The Partnership“) frá Jersey, the Partnership's General Partner („the General Partner“) og breska fyrirtækinu ManCO Limited („ManCO“), ásamt með breska fyrirtækinu Meyer Bergman Group („MBG“) og því breska S.D. Malkin Properties, Inc („SDMG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - APG: verðbréfasjóður sem einbeitir sér að fjárfestingum í fasteignum. ABP, endanlegur eigandi APG, er lífeyrissjóður starfsmanna stjórnarráðsins og menntastofnana í Hollandi
  - Hammerson: þróun atvinnuhúsnaðis og útleiga á eigin atvinnuhúsnaði. Hammerson á hagsmuna að gæta í 11 verslanamiðstöðvum og 22 smásöluhlösum í Bretlandi og 9 verslanamiðstöðvum í Frakklandi
  - SDMG: þróun og rekstur fasteigna, með áherslu á smásöluverslanir
  - MBG: umsýsla með fjárfestingar í fasteignum
  - Via: kaup, eignarhald og umsýsla með fasteignir, einkum innan ESB. Meðal núverandi eigna þess er ein verslanamiðstöð í Hollandi (Bataviastad) og önnur í Tékklandi (Fashion Arena)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 368, 17. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7186 – APG Strategic Real Estate Pool/Hammerson/SDMG/MBG/Via, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7319 – KKR/Allianz/Selecta)**

2014/EES/60/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið KKR & CO L.P. („KKR“) og þýska fyrirtækið Allianz SE („Allianz“) öðlast á annan hátt í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækinu Selecta AG og hlutdeildarfélögum þess („Selecta“). Selecta lýtur sem stendur óbeinum einkayfirráðum Allianz.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - KKR: fjölbreytt eignastýring utan hefðbundinna markaða fyrir hönd einkafjárfesta og opinberra fjárfesta og fjármagnsmarkaðarlausnir fyrir fyrirtækið sjálft og aðra viðskiptamenn
  - Allianz: alþjóðleg þjónusta á sviði váttrygginga og fjármála, stundar líftryggingar, fasteigna-tryggingar, eignastýringu og bankaþjónustu
  - Selecta: sölubjónusta á opinberum vettvangi og í einkafyrirtækjum, svo sem sala á rekstrarvörum úr sjálfsölum og öðrum tengdum vörum, ásamt því að fylla á og viðhalda sjálfsölum fyrir bæði matvöru og drykkjarvöru
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 371, 18. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7319 – KKR/Allianz/Selecta, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7326 – Medtronic/Covidien)**

2014/EES/60/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Medtronic, Inc. („Medtronic“) öðlast með opinberu yfirtökutilboði að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í írsku fyrirtækinu Covidien plc („Covidien“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Medtronic: þróun lækningatækni og sala á vörum, meðferðarúrræðum og þjónustu við meðferð á ýmsum sjúkdómum, m.a. hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki og tauga- og vöðva- og beinagrindarsjúkdómum
  - Covidien: þróun, framleiðsla og sala á fjölbreyttum lækningatækjum og lækningavörum, m.a. fyrir kviðarholsspeglun, rafskurðlækningar, lífskurðlækningar og meðferð við æðasjúkdómum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 371, 18. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7326 – Medtronic/Covidien, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7398 – MIRAEL/Ferrovial/NDH1)**

2014/EES/60/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Macquarie Infrastructure and Real Assets (Europe) Limited („MIRAEL“), fyrir milligöngu umsýslu með fjárfestingarsjóðinn Macquarie European Infrastructure Fund 4 LP, og Ferrovial Aeropuertos S.A.U., óbeint dótturfélag í einkaeigu spænska fyrirtækisins Ferrovial, S.A. („Ferrovial“), fyrir milligöngu dótturfélags síns í einkaeigu, Faero UK Holding Limited, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Airport Holdings NDH1 Limited („NDH1“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - MIRAEL: ráðgjöf, fjárfestingar og sjóðaumsýsla
  - Ferrovial: hönnun, bygging, fjármögnun, rekstur og viðhald grunnvirkja í tengslum við flutninga, borgir og þjónustu
  - NDH1: eignarhald og rekstur flugvallanna í Aberdeen, Glasgow og Southampton á Bretlandi. NDH1 er sem stendur í einkaeigu Heathrow Airports Holdings Limited
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 378, 24. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7398 – MIRAEL/Ferrovial/NDH1, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.7411 – TDR Capital/Lakeside 1 Limited)**

2014/EES/60/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Keystone Bidco Limited, sem lýtur yfirráðum TDR Capital LLP, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Lakeside 1 Limited.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - TDR Capital LLP: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum í ýmsum atvinnugreinum, m.a. í þjónustu við auð hús og byggingu einingahúsa
  - Lakeside 1 Limited: samþætt húsnæðisþróun og endurnýjun húsakosts í Bretlandi undir viðskiptaheitunum „Keepmoat“ og „Keepmoat Homes“
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 376, 23. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7411 – TDR Capital/Lakeside 1 Limited, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7416 – RREEF/ECE/PalaisQuartier)**

2014/EES/60/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin RREEF Spezial Invest GmbH („RREEF“), sem lýtur yfirláðum Deutsche Bank Gruppe, og ECE Projektmanagement GmbH & Co. KG („ECE“), sem lýtur yfirláðum þýska fyrirtækisins KG CURA Vermögensverwaltung GmbH & Co., öðlast með hlutafjárkaupum og stjórnunarsamningi í sameiningu yfirláð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fasteign sem hýsir þýsku verslanamiðstöðina MyZeil („MyZeil“), sem er hluti af fasteignasafni þýska fyrirtækisins PalaisQuartier GmbH & Co. KG. Þá er áformað að RREEF öðlist með hlutafjárkaupum að fullu óbein yfirláð í fjórum öðrum fasteignum sem eru hluti af fasteignasafni PalaisQuartier
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - RREEF: umsýsla með opnum fasteignasjóðum í Þýskalandi, ásamt fjárfestingum í fasteignum um heim allan
  - ECE: ráðgjöf og umsýsla að því er varðar kaup, þróun, skipulagningu og byggingu atvinnuhúsnæðis og annars konar húsnæðis, svo og umsýsla með leiguhúsnæði og stjórnun, eftirlit með og sala á slíkum fasteignum
  - PalaisQuartier: fasteignasafn sem samanstendur af verslanamiðstöð (MyZeil), bílastæðahúsi, skrifstofubyggingum, veislubjónustu- og viðburðahúsnæði og hóteli
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 374, 22. október 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7416 – RREEF/ECE/PalaisQuartier, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7421 – Orange/Jazztel)**

2014/EES/60/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. október 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Orange S.A. öðlast með yfirtökutilboði, sem var tilkynnt 16. september 2014, að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Jazztel p.l.c.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Orange S.A.: fjarskiptaþjónusta, bæði í heildsölu og smásölu (landlínusímar og farsímar, internetþjónusta um breiðband) í meira en 30 löndum
  - Jazztel p.l.c.: fjarskiptaþjónusta í smásölu (landlínusímar og farsímar, internetþjónusta um breiðband) fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Spáni
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 376, 23. október 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7421 – Orange/Jazztel, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/60/10**  
**(mál M.7372 – AXA/Hammerson/The Real Estate Portfolio)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 15. október 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7372. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/60/11**  
**(mál M.7390 – OFI Infravia/GDF SUEZ/PensionDanmark/NGT)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. október 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7390. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/60/12**  
**(mál M.7392 – Advent International/Corialis)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. október 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7392. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2014/EES/60/13**  
**(mál M.7402 – Klesch Refining/Milford Haven Refinery Assets)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 9. október 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7402. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

<sup>(1)</sup> Stjórnartíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ríkisaðstoð – Írland**

2014/EES/60/14

**Málsnúmer SA.38373 (2014/C) (áður 2014/NN) – Meint aðstoð við Apple****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Írlandi, með bréfi dagsettu 11. júní 2014, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 369, 17.10.2014, bls. 22). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Registry  
Rue de la Loi/Wetstraat, 200  
B-1049 Brussels  
BELGIUM

Bréfasími: +32 22961242  
Netfang: [stateaidgreffe@ec.europa.eu](mailto:stateaidgreffe@ec.europa.eu)

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Írlandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Ríkisaðstoð – Lúxemborg**

2014/EES/60/15

**Málsnúmer SA.38375 (2014/C) (áður 2014/NN) – Meint aðstoð við FFT****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Lúxemborg, með bréfi dagsettu 11. júní 2014, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 369, 17.10.2014, bls. 37). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Registry  
Rue de la Loi/Wetstraat, 200  
B-1049 Brussels  
BELGIUM

Bréfasími: +32 22961242  
Netfang: [stateaidgreffe@ec.europa.eu](mailto:stateaidgreffe@ec.europa.eu)

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Lúxemborg. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.



**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar  
frá 9. nóvember 2010**

2014/EES/60/16

**um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um stjórnunarhætti Evrópusambandsins,  
53. gr. EES-samningsins og 8. gr. samnings milli Evrópubandalagsins og  
Sambandsríkisins Sviss um flutninga í lofti**

**(mál C.39258 – Flugfarmur)**

*(Tilkynnt með skjálnúmeri C(2010) 7694)*

Hinn 9. nóvember 2010 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 <sup>(1)</sup>, hefur framkvæmdastjórnin nú birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar, m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín. Ágripid er að finna í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 371, 18.10.2014, bls. 11.

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um  
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/60/17

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir**

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Aurillac – Paris (Orly)
Samningstími	Frá 1. júní 2015 til 31. maí 2019
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	Hinn 15. janúar 2015, fyrir kl. 17.30 að staðartíma í Paris (Frakklandi)
Póstfang sem senda má til beiðni um texta útboðs- auglýsingarinnar og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða útboðið og almannajónustu- kvaðirnar	Département du Cantal Service des Marchés 28 Avenue Gambetta 15015 Aurillac Cedex FRANCE  Upplýsingar gefa:  Marc-Antoine Le-Minh-Triet Pôle Déplacements et Infrastructures Sími: +33 471462249 Bréfasími: +33 471465982 Netfang: <a href="mailto:servicetransports@cg15.fr">servicetransports@cg15.fr</a>  Olivier Brieda Service des Marchés Sími: +33 471462257 Bréfasími: +33 471465954 Netfang: <a href="mailto:marchespublics@cg15.fr">marchespublics@cg15.fr</a>

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um  
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/60/18

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir**

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Castres – Paris (Orly)
Samningstími	Frá 1. júní 2015 til 31. maí 2019
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	Umsóknir: Hinn 5. desember 2014, fyrir kl. 12 að staðartíma í París (Frakklandi) Tilboð: Hinn 15. janúar 2015, fyrir kl. 12.00 að staðartíma í París (Frakklandi)
Póstfang sem senda má til beiðni um texta útboðs- auglýsingarinnar og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða útboðið og almannajónustu- kvaðirnar	Chambre de commerce et d'industrie du Tarn BP 30217 40, allée Alphonse Juin 81101 Castres Cedex FRANCE  Sími: +33 567466000 Bréfasími: +33 563514699 Netfang: <a href="mailto:f.chambert@tarn.cci.fr">f.chambert@tarn.cci.fr</a>

**Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni <sup>(1)</sup>**

2014/EES/60/19

(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni, sem kennd eru við „Permis d'Europa Maritime“ „Permis d'Europa Maritime Profond“)

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 12. desember 2013, hafa fyrirtækin Marex EU Inc. og South Atlantic Petroleum UN SAS, en fulltrúi þeirra í Frakklandi er lögmannsstofan Cabinet Bonna-Auzas Avocats, með aðsetur að 6, rue Paul Valéry, 75116 Paris, farið fram á fimm ára sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvatnsefni, sem kennt er við “Permis d'Europa Maritime”.

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 28. febrúar 2014, hefur fyrirtækið Geotech Hongkong Ltd, en fulltrúi þess í Frakklandi er YB Conseil EURL, með aðsetur að 1897, route de Montjoly, RDL Résidence Man CIA — ADC DOM, 97354 Rémire-Montjoly, Cayenne, farið fram á fimm ára sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvatnsefni, sem kennt er við „Permis d'Europa Maritime Profond“.

Svæðið, sem leyfi þessi taka til og varða efnahagslögsögu eyjunnar Europa, sem er í sunnanverðu Mozambique-sundi og tilheyrir frönsku eyjunum „Îles Éparses“, markast af beinum línunum sem tengja hornpunktana sem skilgreindir eru með WGS84-hnitum hér að neðan í sextugaráðum. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur um Greenwich.

Hornpunktur	Lengd	Breidd
A	40° 55' 00" E	19° 03' 00" S
B	41° 06' 00" E	19° 08' 00" S
C	Skurðpunktur breiddarbaugs 23° 08' 26" S og efnahagslögsögu Frakklands og Madagaskar, sem á eftir að ákvarða	
D	Skurðpunktur breiddarbaugs 23° 12' 05" S og efnahagslögsögu Frakklands og Mozambique, sem á eftir að ákvarða	

**B til C:** mörk efnahagslögsögu Frakklands og Madagaskar, sem á eftir að ákvarða,

**D til A:** mörk efnahagslögsögu Frakklands og Mozambique, sem á eftir að ákvarða.

**Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa**

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist (*Stjtið. ESB C 362, 14.10.2014*, bls. 13, bls. 6), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 374* hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Samkeppnisumsóknir ber að senda til ráðuneytis umhverfismála, sjálfbærrar þróunar og orku á neðangreint pósthfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst stjórnvöldum í Frakklandi, þ.e. eigi síðar en 18. apríl 2016.

**Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar**

Umsækjendum er bent á 79. gr. og gr. 79.1 í frönskum námalögum og á tilskipun 2006-649 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi, geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Nánari upplýsingar fást í ráðuneyti umhverfismála, sjálfbærrar þróunar og orku:

Direction générale de l'énergie et du climat — Direction de l'énergie  
Bureau exploration et production des hydrocarbures  
Tour Séquoia  
1 place Carpeaux  
92800 Puteaux  
FRANCE

Sími: +33 140819527

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetrinu Légifrance: <http://www.legifrance.gouv.fr>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar er varðar 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/EES/60/20  
Evrópuþingsins og ráðsins 2009/22EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum  
neytenda sem kerfisbundur tilskipun 98/27/EB, að því er varðar stofnanir sem hafa  
heimild til að sækja mál samkvæmt 2. gr. tilskipunar þessarar**

Stjórnvöld í aðildarríkjunum hafa tilnefnt stofnanir sem hafa heimild til að sækja mál til setningar lögbanns samkvæmt 2. gr. tilskipunar 2009/22/EB.

Skráin hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 363, 14.10.2014, bls. 1.